



Janúar 2016

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

LEIKSKÓLINN ÖSP – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI	1
Inngangur	4
Leikskólinn Ösp	4
Greining	5
Viðmiðaramminn	6

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Ösp sem fram fór í janúar 2016. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í janúar 2016 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 11. - 15. janúar. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN ÖSP

Leikskólinn Ösp tók til starfa árið 1980 og er staðsettur við lðufell 16, 111 Reykjavík.

Í leikskólanum eru þrjár deildir og 57 börn voru í leikskólanum í janúar 2016. Yngstu börnin eru á Skýjalandi, næst yngstu börnin eru á Stjörnulandi og elstu börnin eru á Regnbogalandi.

Leikskólastjóri er Nichole Leigh Mosty og aðstoðarleikskólastjóri er Sólveig Þórarinsdóttir.

Framúrskarandi verlag

- * Leikskólastjóri sýnir frumkvæði og metnað í foreldrasamvinnu og að efla samstarf leikskólans við grenndarsamfélagið.

Styrkleikar:

Leikskólastjóri á frumkvæði að þróunarstarfi og nýbreytni í leikskólanum með hag barna að leiðarljósi. Stjórnendateymi er lausnarmiðað við upplýsingamiðlun um leikskólastarfið til foreldra.

Leikskólinn er virkur í þróunarstarfi og samstarfsverkefnum er varða fjölmenningu og læsi. Virkt samstarf er við aðila í grenndarsamfélagi leikskólans. Í svæðisflæði eflast samskipti og samstarf barna sem stuðlar að frumkvæði og auknu lýðræði þeirra.

Dagskipulag veitir svigrúm fyrir frjálstan og skipulagðan leik. Fjölbreytt leiksvæði höfða til margvíslegra áhugasviða barna. Frjálsum leik er gefið gott rými innan dagskipulagsins.

Starfsfólk er ánægt með stefnu leikskólans. Andrúmsloftið í leikskólanum er afslappað og jákvæður andi ríkir. Starfsfólk ber virðingu fyrir fjölbreytileika.

Börnin eru ánægð í leikskólanum og nefna, m.a. að þau eru ánægð með svæðisflæði, matinn, sófann í salnum og eitt barn sagði, *að það besta við leikskólann er að geta verið maður sjálfur.*

Áherslur leikskólans í móttöku barna og foreldra þeirra eru skýrar. Lögð er áhersla á gott samstarf við foreldra og leikskólinn fer fjölbreyttar leiðir í samskiptum við foreldra. Foreldrar þekkja stefnu leikskólans og eru ánægðir með hana, leikskólastjórnann og viðmót starfsmanna.

Tækifæri til umbóta:

Lokið verði við gerð skólanámskrár og hún birt á heimasíðu leikskólans. Unnið verði markvisst með námssvið leikskólans í daglegu starfi. Efla lýðræðisleg vinnubrögð með þátttöku starfsmanna í mótun stefnunnar, skólanámskrár og starfsáætlunar.

Endurskoða gildi leikskólans, út frá hverju leikskólinn stendur fyrir og séreinkennum hans. Stjórnendateymi sjái til þess að deildarstjórafundir verði haldnir reglulega og verði vettvangur faglegrar umræðu.

Leikskólinn setji fram áætlun um mat á námi og velferð barna þar sem reglulegar skáningar eru gerðar á framförum þeirra. Börn fái tækifæri til að meta nám sitt, komi með tillögur að leiðum í eigin námi og setji sér markmið.

Í skólanámskrá komi fram helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf og hvernig markmið leikskólans verði metin markvisst og reglubundið. Þróuð verði lýðræðisleg vinnubrögð með þátttöku starfsfólks við skipulag og framkvæmd innra mats. Umbótaáætlun verði gerð og hún birt í starfsáætlun á heimasíðu leikskólans. Leitað verði eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila. Í greinargerð um innra mat verði gerð greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verklag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verklag.